



Lagt fyrir 387. fund Velferðarráðs Reykjaneshæjar 13. maí 2020

Mál nr. 2020021548

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð Reykjaneshæjar

Sendandi: María Gunnarsdóttir, forstöðumaður barnaverndar

Efni: Barnvæn sveitarfélög – innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Á fundi Bæjarráðs Reykjaneshæjar 26. mars sl. var samþykkt að sækja um þátttöku í samstarfsverkefni Félagsmálaráðuneytisins og UNICEF á Íslandi um barnvæn sveitarfélög. Bæjarstjórn samþykkti svo tillöguna 7. apríl 2020.

Þann 22. apríl sl. barst tilkynning frá UNICEF og Félagsmálaráðuneytinu um að Reykjaneshæ ásamt 7 öðrum sveitarfélögum er boðið að taka þátt í verkefninu á árinu 2020.

Reykjaneshæ hefur skipað Maríu Gunnarsdóttur, forstöðumann barnaverndar verkefnastjóra yfir verkefninu, barnvænt sveitarfélag. Búið er að halda einn fund með bæjarstjóra, fulltrúa Félagsmálaráðuneytis og UNICEF þar sem farið var yfir fyrstu skrefin í innleiðingunni. Stefnt er að því að skrifa undir samning í lok maí. Skipa þarf stýrihóp yfir verkefninu en um er að ræða 10-12 manna stýrihóp með fulltrúum frá öllum sviðum Reykjaneshæjar, meiri- og minnihluta í bæjarstjórn og ungmennaráði. Stefnt er að því að skipa stýrihópin áður en skrifað verður undir samninginn. Áætlað er að stýrihópurinn fundi á 1-2 mánaðar fresti. Í framhaldi af þeirri vinnu verður farið í kortlagningu á núverandi stöðu barna varðandi réttindi þeirra og velferð í sveitarfélaginu. Út frá kortlagningunni er svo gerð aðgerðaráætlun sveitarfélagsins. Áætlað er að innleiðingarferlið taki allt að tvö ár og skiptist ferlið niður í átta skref. Að loknu innleiðingunni getur sveitarfélagið sótt um viðurkenningu hjá UNICEF sem barnvænt sveitarfélag og eftir þrjú ár frá innleiðingunni getur sveitarfélagið sótt um endurnýjun viðurkenningarinnar.